

Kveðjuorð til Óskars J. Sigurðssonar við starfslok

Upphaf og endir

Óskar Jakob Sigurðsson sendi fyrsta veðurskeytið kl. tvö eftir miðnætti þann 1. janúar 1952 og sendi síðan veðurskeyti nær óslitið til 31. október 2014 þegar hann sendi úrkomuskeyti kl. níu að morgni. Þá lét hann af störfum fyrir Veðurstofuna og flutti „upp á land“. Þetta eru 62 ár og tíu mánuðir. Alls 754 mánuðir eða um 23 þúsund dagar. Allt virkir dagar! Mörg hafa illviðrin gengið yfir á þessu tímabili, sum eftirminnileg en önnur meira og minna gleymd, segir hann sjálfur.

Forsagan

Sama fjölskyldan annaðist vitavörslu á Stórhöfða frá 1910 og veðurathuganir frá 1921. Jónathan Jónsson sinnti þessu upphaflega ásamt sonum sínum tveimur en annar þeirra, Sigurður, tók alfarið við hvorutveggja árið 1935. Níu ára gamall fór Óskar, sonur Sigurðar, að halda veðurdagbók og frá fimmtán ára að aldri tók hann ábyrgð á einu veðurskeyti á sólarhring. Óskar sinnti starfinu ásamt föður sínum frá 1952 og tók við því að fullu 1965.

Í upphafi voru athuganir aðeins gerðar þrisvar á dag en fljótlega urðu þær 5-6. Árið 1941 var farið að athuga 7 sinnum á sólarhring og 8 sinnum frá 1952. Þetta var ástundað af kostgæfni í áratugi.

Haustið 1942 var reist vindmylla á Stórhöfða og var íbúð vitavarðarins þá fyrst raflýst. Myllan brotnaði niður nokkru síðar í óveðri en 1943 kom ljósavél sem annaði 60 W þeru í vitanum og árið 1957 önnur ljósavél sem annaði 1000 W þeru. Loks árið 1979 tengdist Stórhöfðaviti rafveitu eyjanna.

Veðurathuganirnar

Eins og fyrr segir, var Stórhöfði lengst af skeytastöð þar sem veður var athugað átta sinnum á sólarhring og ótrúlegt að sama fjölskylda skuli hafa veitt þær mikilvægu upplýsingar hartnær níutíu ár við erfiðar aðstæður þar sem stormar eru tíðir og strangir og sjávarýring mikil. Það eitt að búa á Stórhöfða krefst þolgæðis; í áratugi þurfti að gæta að ljósavélinni og safna regnvatni af þaki til daglegrar notkunar, fyrir utan launuð störf fyrir Veðurstofuna og Siglingastofnun.

Harðsótt hefur verið að brjótast út í hitamælaskýli í fárviðrum vetrar og næturmyrkri til veðurathugana. Þó féll aðeins einu sinni niður veðurathugun en það var þegar Óskar fór til kirkju ásamt öðrum Vestmannaeyingum vegna eldgossins í Heimaey. Sonurinn Pálmi Freyr, fjórði ættliðurinn, hefur einnig starfað að athugunum á Stórhöfða ásamt föður sínum.

Árið 2005 fékk veðurstöðin á Stórhöfða viðurkenningu frá Alþjóðaveðurfræðistofnuninni, WMO, þess efnis að hafa uppfyllt ströngustu kröfur um skil inn í alþjóðlega veðurathuganakerfið (World Weather Watch) ásamt stöðvunum í Keflavík og á Akureyri.

Þó sjálft vitavarðarstarfið hafi formlega verið lagt niður árið 2007 vegna þess hve tækninni fleygði fram, og sjálfvirk veðurstöð hafi verið rekin meðfram þeirri mönnum frá 1997, hélt mikil starfsemi áfram Stórhöfða á vegum Veðurstofunnar og þessu sinntu feðgarnir í sameiningu.

Mengunarmælingar

Margháttað sýnataka vegna mengunarmælinga hófst 1991 en Stórhöfði er svokölluð bakgrunnstöð þar sem langtaðborin mengun er vöktuð, fjarri uppsprettum hennar.

Erlendir sérfræðingar sem Veðurstofan átti samstarf við á þessu sviði höfðu mörg orð um nákvæm störf Óskars og áreiðanleika. Haf- og veðurstofa Bandaríkjanna, NOAA, veitir árlega viðurkenningu sem nefnist „Hetjur umhverfisins“ og árið 2007 hlotnaðist Óskari sá heiður. Af 12.500 starfsmönnum koma aðeins tíu til greina á hverju ári. Sú deild sem rannsakar gróðurhúsalofttegundirnar fékk aðeins að úthluta til tveggja og fór fram á að Óskar yrði annar þeirra. Fræg eru línuritín sem sýna hækkandi styrk koltvísýrings í lofthjúpi jarðar og eitt þeirra er frá Stórhöfða.

Um tíma, þegar Óskar nágaðist sjötugsaldur, ríkti óvissa um framhald rannsókna á Stórhöfða. Þegar það spurðist út urðu viðbrögð erlendu vísindamanna öll á einn veg; bréf bárust frá Bandaríkjunum, Kanada og Noregi þar sem óskað var eftir áframhaldandi starfsemi á þessari einstöku stöð í umhverfisvöktun. Niðurstaðan varð sú að Veðurstofa Íslands og Siglingastofnun gerðu nýjan samning við feðgana á Stórhöfða og vöktunin hélt áfram næstu árin.

Fjallað var um Stórhöfða í ameríska náttúruauðlindatímaritinu Plenty Magazine árið 2007.

Árið 2009 var frumsýnd heimildarmynd um starfið á Stórhöfða, bæði mengunarmælingarnar, veðurathuganirnar og fuglamerkingarnar, en hún nefnist „Heimsmethafinn í vitanum“ og framleiðandi er Jón Karl Helgason.

Fuglamerkingar

Þá er fuglamerkingastarfinu einnig lokið en slíkar merkingar eru mikilvægt framlag til rannsókna á hátterni fugla. Óskar merkti fyrsta fuglinn (lunda) í maí 1953 og þá tvo síðustu (skrofur) í sept. 2014. Alls merkti hann 91.695 fugla, mest megnis einn síns liðs. Strax árið 1997 var það skráð í heimsmetabók Guinness að enginn einn maður í heiminum hafði merkt fleiri fugla og sautjándi júní sama ár hlaut Óskar fálaorðuna, riddarakross fyrir störf í þágu fuglarannsókna.

Endurheimtur eru um 10.000 þannig að mikil vinna er að baki, ekki bara að handsama fuglana, heldur að skrá merkingar og endurheimtur en Óskar fékk afar gott orð fyrir frágang gagna. Hann merkti fugla af um 40 tegundum; mest af lunda en því næst fýl og snjótittlingi. Sem dæmi um endurheimtur þá kom í fiskinet árið 2011 fýll sem Óskar merkti árið 1970 og var hann því minnst 41 árs. Öðru sinni kom Óskar að svo gömlum fugli sem gerði sér lítið fyrir og lá á hreiðri!

Gerir aðrir betur. Margar hetjurnar frá Stórhöfða í Vestmannaeyjum.

Jóhanna M. Thorlacius

flutt af Árna Snorrasyni

12. desember 2014